

**Ed.**

**80. Frumvarp til laga**

[68. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Á eftir a-lið 45. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi, en aðrir stafliðir breytast eftir því:

- b. Að endurgreiða sjúkrasamlögum  $\frac{3}{4}$  hluta kostnaðar, samkvæmt h-lið og i-lið 49. gr. Nú hrekkur framlag lífeyrisdeildar, samkvæmt 78. gr. d-lið, ekki til greiðslu þessa kostnaðar, og skal þá jafna hallann af framlagi ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna og skipta honum á samlögin í réttu hlutfalli við fjölda samlagsmanna.

## 2. gr.

Á eftir g-lið 49. gr. komi tveir stafliðir, svo hljóðandi:

- h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi, eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga. Ferðakostnað þenna skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið faratæki, ella að  $\frac{3}{4}$  hlutum.
- i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að  $\frac{3}{4}$  hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

## 3. gr.

d-liður 78. gr. orðist svo:

Framlög til héraðssamlaga, sbr. 45. gr. b, og til sjúkrasamlaga í kaupstöðum, samkvæmt fjárhagsáætlun lífeyrisdeildar. Enn fremur allt að tvöföldu framlagi ríkissjóðs til ferðastyrks sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun fjár samkvæmt þessum staflið.

Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

- e. Styrk til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1966. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Læknisvitjanasjóðir þeir, sem nú eru, skulu renna til hlutaðeigandi héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til:

1. að sjúkrasamlögum verði skylt að greiða verulegan hluta af óhjákvæmilegum ferðakostnaði lækna, þegar ferð læknis til sjúklings er meiri en 10 km, eða nota verður skip eða flugvélar við ferðina, og flutningskostnað sjúklinga í sjúkrahús innanlands, ef flutningsþörf er brýn og líðan sjúklings svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum.
2. að Tryggingastofnun ríkisins annist styrkveitingar til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum, utan sjúkrahúsa, sbr. annað stjórnarfrumvarp um breyting á lögum nr. 78/1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla.

### Um 1.

Kostnaður sá, sem hér um ræðir, er oft mjög tilfínanlegur og stundum mun meiri, en lækniþjónustan eða sjúkrahúsvistin, sem sjúkrasamlögum er skylt að greiða. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að þær ferðir einar verði greiddar af tryggingunum, sem nauðsynlegar eru. Virðist því óeðlilegt, að sjúkratryggingarnar taki ekki þátt í þessum kostnaði, þar eð hann er óhjákvæmilegur liður í því, að sjúklingurinn fái notið nauðsynlegrar hjúkrunarþjónustu.

Með lögum nr. 59/1942 var stofnað til læknisvitjanasjóða, sem hefðu það markmið að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknisókn, eða létta þeim lækniósknina.

Reynslan af þessum lögum hefur orðið sú, að sjóðir þessir hafa aldrei náð verulegum viðgangi og því lítið stöðað til lausnar þessa vandamáls. Þar að auki má teljast óeðlilegt, að fleiri stofnanir séu starfræktar til þess að leysa sama vandan. Hlutverk sjúkratrygginganna er að *aðstoða sjúka*. Eins og áður segir eru flutningar þeir, sem hér um ræðir, aðeins liður í þeirri aðstoð og því sjálfsagt, að tryggingarnar leysi þenna vanda. Með frumvarpi þessu er því lagt til, að lög frá 1942, um læknavitjanasjóði, verði numin úr gildi og að þeir sjóðir, sem stofnaðir hafa verið, verði látnir renna til héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga.

Vegna þess, að mörg sjúkrasamlög eru svo fámenn, að gera verður ráð fyrir, að þau geti ekki ávallt risið undir þeim kostnaði, sem leitt gæti af ákvæðum þessa frumvarps, er lagt til, að héraðssamlög greiði sjúkrasamlögunum  $\frac{3}{4}$  hluta þess kostnaðar, sem af 2. gr. frumvarpsins leiðir. Jafnframt er lagt til, að aðstoð sú, sem lífeyrisdeild almennatrygginga hefur veitt til sjúkraflutninga samkvæmt d-lið 78. gr. almennatryggingalaga verði látin renna til héraðssamlaganna, samkvæmt reglum um úthlutun, sem Tryggingaráð setur. Fjárhæð sú, sem lífeyrisdeild veitir framvegis í þessu skyni verði ákveðin í fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar á ári hverju. Ef greiðslur lífeyrisdeilda hrökkva ekki fyrir útgjöldum héraðssamlaga, er lagt til, að mismunurinn verði tekinn af framlagi ríkissjóðs til samlaganna og honum skipt á sjúkrasamlög in hverju héraðssamlagi í réttu hlutfalli við meðlimatölu hvers sjúkrasamlags.

Eftirfarandi skrá sýnir hver framlög hafa verið veitt til sjúkraflutninga, annars vegar úr ríkissjóði til læknavitjanasjóða og hins vegar frá lífeyrisdeild almennatrygginganna á árunum 1955—1964.

	Skv. lögum um læknavitjanasjóði	Frá lífeyrisdeild almennatrygginga
1955 .....	kr. 17 490.00	kr. 100 018.65
1956 .....	— 12 600.00	— 110 722.16
1957 .....	— 13 372.00	— 108 096.94
1958 .....	— 28 046.00	— 100 447.43
1959 .....	— 9 920.00	— 97 352.96
1960 .....	— 14 504.00	— 135 426.47
1961 .....	— 9 370.00	— 145 945.83
1962 .....	— 54 454.91	— 190 618.90
1963 .....	— 5 862.00	— 224 709.57
1964 .....	— 24 240.00	— 320 162.60
	<hr/>	<hr/>
Samtals	kr. 189 858.91	kr. 1 533 501.51

Samkvæmt fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins er áætlað framlag lífeyrisdeilda árið 1966 700 þús. krónur. Það er fremur ósennilegt að kostnaður héraðssamlaga vegna þessa frumvarps verði hærri en sú fjárhæð á næsta ári.

#### Um 2.

Þar eð Tryggingastofnun ríkisins veitir lífeyri og styrk til öryrkja, virðist eðlilegt, að hún veiti einnig styrki þá til örkumla manna og fatlaðra, sem hér um ræðir.

Hingað til hafa hlutaðeigandi sveitarfélög veitt styrki í þessu skyni á móti styrknum frá ríkisframbærslunni, en þar eð sveitarfélögin standa straum af kostnaði við Tryggingastofnun ríkisins að vissum hluta, verður þátttaka þeirra við þessa styrki sjálfkrafa, svo að ekki virðist ástæða til, að krefja þau sérstaklega vegna þeirra styrkja, sem veittir verða framvegis af stofnuninni. Af þessu leiðir einnig, að styrkir stofnunarinnar verða ekki takmarkaðir við  $\frac{4}{5}$  hluta eins og verið hefur um styrki af hálfu ríkisframbærslunnar, heldur fer það eftir mati stofnunarinnar,

í einstökum tilvikum, hvort hún veitir styrki og þá hve háa. Þessi kostnaður var áætlaður á 2.2 milljónir króna hjá ríkisframbærslunni á þessu ári, en gera verður ráð fyrir að kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins verði nokkru hærri, eða sem svarar þeirri fjárhæð, sem sveitarfélögin hafa greitt beint í þessu skyni, sem virðist mega áætla ca. 600 þús. kr. miðað við yfirstandandi ár.